

Námskeið verður í Nálinni, Laugavegi, 12. febrúar 2008 frá kl 7 til 10. Kennt verður hvernig hægt er að þrjóna tvo smærri hluti á einn langan hringþrjón í stað þess að nota sokkaprjóna. Þessi aðferð er mjög vinsæl í Bandaríkjunum og gengur þar undir nafninu The Magic Loop, en hún hefur enn ekki náð fótfestu hér á Íslandi.

Mjög þægilegt er að nota þessa aðferð til að þrjóna sokka og vettlinga, handstúkur og jafnvel ermar - en með því að þrjóna báða hluti í einu losnarðu við það sem kallað hefur verið "seinni-sokka-syndrómið", þ.e. að seinni sokkurinn er annað hvort ekki þrjónaður eða endar nokkuð ólíkur þeim fyrri. Báðir hlutirnir eru þrjónaðir eins, umferð fyrir umferð og tilfinningin er jafnvel sú að það gangi fljótar að þrjóna því báðir hlutirnir eru tilbúnir á sama tíma.